

Efnistaka í Gandheimum, Hvalfjarðarsveit

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 16. febrúar 2023 barst Skipulagsstofnun matsáætlun frá Mannviti verkfræðistofu, f.h. Námufræðisins ehf., vegna efnistöku í Gandheimum í Hvalfjarðarsveit samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun framkvæmdaraðila.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Gandheimar, efnistaka, Hvalfjarðarsveit. Mat á umhverfisáhrifum Matsáætlun. Námufræðisins ehf. – Mannvit, febrúar 2023.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit þann 14. apríl 2023
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þann 11. apríl 2023
- Minjastofnun Íslands þann 23. mars 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 24. mars 2023
- Umhverfisstofnun þann 28. mars 2023

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 5. maí 2023.

3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Námufræðisins ehf. um efnistöku í Gandheimum í Hvalfjarðarsveit og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áform framkvæmdaraðila felast í alls um 4.800.000 m³ efnistöku á um 34 ha svæði og er gert ráð fyrir að árlegt efnistöku magn verði um 200.000 m³. Efnisvinnsla í fyrirhugaðri námu felst í mokstri og ruðningi á lausum jarðlögum, ámokstri á flutningabifreiðir og flutningi á efni frá námu. Efnistakan sjálf felst í því að fyrst er um 20 - 40 cm jarðvegslagi rutt ofan af yfirborði sem verður sett í manir í útjaðri efnistökusvæðisins þangað til að það fer í frekari vinnslu, til að draga úr sjónrænum áhrifum, og að hluta til verður efnið notað við frágang á námusvæðinu að efnistöku lokinni. Efni neðan yfirborðslagsins verður mokað í hauga og flokkað í stærðir. Gera má ráð fyrir, ef miðað er við meðaldýpt námusvæða í grenndinni, að dýpt efnistöku í Gandheimum gæti verið allt að 16 m. Gert er ráð fyrir að leggja nýjan 4 m breiðan, 400-500 m langan veg að námunni og verður um er að ræða hefðbundna uppbyggingu vegar með styrktarlagi, burðarlagi og malaryfirborði.



Jafnframt er talin þörf á að styrkja núverandi 500 m langa vegtengingu, frá bænum Geldingaá að Hringvegi.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar framkvæmdaraðila.

1 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um valkosti sem varða mismunandi afmörkun efnistökusvæðis, áfangaskiptingu, vinnslutíma og staðsetningu aðkomuvegs.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og setja fram upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við áform framkvæmdaraðila um valkostaumfjöllun í umhverfismatsskýrslu.

Framkvæmdasvæði

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur m.a. fram að endanleg afmörkun efnistöku- og athafnasvæðis liggja ekki fyrir. Núverandi afmörkun sé skematísk og fyrirhuguð sé jarðfræðirannsókn til að meta jarðfræði og efnissamsetningu á svæðinu. Þegar upplýsingar jarðfræðirannsókna liggja fyrir verði efnistökusvæðið afmarkað með nákvæmari hætti.

Skipulagsstofnun bendir á að til þess að unnt sé að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verður að gera ráð fyrir að í umhverfismatsskýrslu liggja fyrir sem næst endanleg staðsetning og stærð fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Í því sambandi er bent á umsögn Umhverfisstofnunar um ósamræmi á framsetningu á staðsetningu efnistökusvæðisins í matsáætlun.

Fuglar

Í matsáætlun segir að samkvæmt skráningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi sé fyrirhugað efnistökusvæði ekki tilgreint sem slíkt svæði. Í því ljósi er ekki talin þörf á umfjöllun um fuglalíf á fyrirhuguðu efnistökusvæði eða aðliggjandi svæði í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er ekki tekið undir þá skoðun að umfjöllun um fuglalíf á fyrirhuguðu svæði og aðliggjandi svæðum sé óþörf. Töluvert gæti verið um vaðfugla á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en þeir heyra flestir undir svokallaðar ábyrgðartegundir Íslands. Hvalfjarðarsveit óskar í umsögn sinni eftir nánari rökstuðningi hvers vegna fuglalíf sé ekki hluti af



fyrirhuguðu umhverfismati, þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er í nágrenni við svæði þar sem er mjög auðugt fuglalíf.

Í svörum Námuþjélagssins kemur fram að við afmörkun á efnistöku- og athafnasvæðinu verði þess gætt að það nái ekki inn á votlendissvæði samkvæmt skráningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Bent er á að svæðið þar sem efnistaka sé fyrirhuguð, hefur landeigandi verið að rækta upp síðustu ár en að það svæði sem skilgreint sé sem votlendi og líklega búsvæði vaðfugla sé utan námusvæðisins.

Skipulagsstofnun telur að ekki sé ljóst hvort eða þá í hvaða mæli fyrirhuguð efnistaka kunni að hafa áhrif á fugla. Stofnunin tekur því undir umsögn Náttúrufræðistofnunar og telur óhjákvæmilegt að fjalla þurfi og leggja mat á hugsanleg áhrif á þennan umhverfisþátt og að birta þurfi þær niðurstöður í umhverfismatsskýrslu. Stofnunin telur að fá þurfi sérfróðan aðila til að gera úttekt á fuglalífi á áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar sem unnt væri að byggja fyrrnefnt mat á.

Landslag og ásjúnd

Í matsáætlun kemur fram að ásjúnd svæðisins komi til með að breytast varanlega. Til að takmarka ásjúndaráhrif er gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum á efnistökutíma með því að móta jarðefni kringum svæðið ásamt frágangi að efnistöku lokinni. Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á ásjúndaráhrif fyrirhugaðrar efnistöku með hliðsjón af framangreindum áðgerðum.

Hvalfjarðarsveit bendir á að meta þurfi hvar áhrifa á landslag og ásjúnd gæti helst og einnig þarf að gera grein fyrir því hvernig svæðið muni líta út að lokinni efnistöku og að loknum frágangi. Sveitarfélagið bendir á gerð líkanmynda í því sambandi, ásamt ljósmyndum og kortagögnum. Þá óskar Hvalfjarðarsveit eftir umfjöllun um útivist, þar sem svæðið muni sjást víða að, m.a. frá vinsælum göngu- og útivistarleiðum í Skarðsheiði

Í svörum Námuþjélagssins kemur fram að áform séu um gerð myndlíkana og myndræna framsetningu ljósmynda og kortagagna um skipulag námusvæðisins. Í umhverfismatsskýrslu mun framkvæmdaraðili skoða frá hvaða göngu- og útivistarleiðum fyrirhugað efnistökusvæði komi til með að sjást og meta þörfina á ásjúndarmyndum frá þessum leiðum.

Um er að ræða umfangsmikla efnistöku til allt að 24 ára á nýju svæði. Skipulagsstofnun leggur því áherslu á mikilvægi þess að fjalla um og leggja mat á hugsanleg áhrif af fyrirhugaðri efnistöku á ásjúnd svæðisins. Velja þarf tiltekin sjónarhorn með rökstuðningi þaðan sem sýndar eru myndir í umhverfismatsskýrslu sem sýna núverandi ásjúnd efnistökusvæðisins. Síðan þarf að leitast við að sýna hvernig ásjúnd námunnar kann að breytast eftir því sem efnistökusvæðið stækkar. Þá bendir Skipulagsstofnun að leggja þarf mat á gildi svæðisins og viðkvæmni þess skv. viðurkenndri aðferðarfræði.

Ónæði vegna foks og hávaða

Í matsáætlun kemur fram að ekki þyki ástæða til að meta aukningu á ryki eða loftmengun í nágrenni námunnar. Gera megi ráð fyrir einhverri hættu á foki jarðefna þegar ryk þyrlist upp við efnistöku og við umferð vinnuvéla á svæðinu sjálfu en ekki er gert ráð fyrir að þörf sé á að meta frekar áhrif vegna foks.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að fyrirhuguð efnistaka sé það umfangsmikil að full ástæða sé að kanna hættu á foki og hver áhrif þess kynnu að verða á nánasta umhverfi. Hvalfjarðarsveit bendir á í umsögn sinni að reynslan hafi sýnt af rekstri annarra efnistökusvæða í sveitarfélaginu að ónæði geti hlotist af slíkum framkvæmdum og kvartanir hafi borist vegna umferðar, foks og hávaða í grennd við slík svæði.

Í svörum Námuþjélagssins kemur fram að framkvæmdaraðili hafi hug á að skipuleggja efnistöku og fyrirkomulag á athafnasvæðinu sem og frágang á öllu svæðinu á þann veg að vinna gegn því að fok



verði frá svæðinu. Þá verði hávaði takmarkaður með rafvæðingu tækja- og vélbúnaðar og framkvæmdaraðili mun vera í samráði við Vegagerðina um fyrirhugaða umferð um svæðið og inn á þjóðveg með umferðaröryggi að leiðarljósi.

Eins og almennt er í tilfelli efnistökuframkvæmda er hér um framkvæmdir að ræða sem koma til með að standa lengi yfir og möguleg áhrif geta verið viðvarandi þó að þau séu ekki stöðug. Þannig kann m.a. umferð flutningabifreiða að valda ónæði auk þess mögulega ónæðis sem kann að hljóta af vinnslunni sjálfri. Framkvæmdaraðili hefur stuttlega gert grein fyrir aðgerðum sem eiga að draga úr ónæði en Skipulagsstofnun telur í ljósi ofangreinds að mikilvægt sé að fjalla um og leggja mat á í umhverfismatsskýrslu áhrif af rekstri á þætti eins og fok og hávaða og gera ítarlegar grein fyrir hvernig komið verði í veg fyrir eða dregið úr neikvæðum áhrifum af þeirra völdum.

Vatnsvernd

Í matsáætlun kemur fram að í grennd við fyrirhugað efnistökusvæði séu vatnsból 30 í landi Gandheima og vatnsból 34 í landi Geldingaár. Fyrirhuguð efnistaka á svæðinu er ekki talin hafa áhrif á vatnsból 34 en skoða þurfi áhrif á vatnsból 30 og leggja mat á aðstæður og aðgerðir. Skoða þarf mögulega afmörkun svæðis kringum vatnsbólið, fyrirkomulag aðlögunar og mögulegar aðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif og viðhalda gæðum vatnsbóla.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar er bent á að samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar verði engar framkvæmdir eða starfsemi sem ógnað geti brunnsvæðum vatnsbóla, leyfðar í nágrenni þeirra.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu liggi fyrir niðurstöður athugana sem sýni að tryggt sé að fyrirhuguð efnistaka muni ekki hafa neikvæð áhrif á vatnsból.

Vinnslutilhögun og frágangur

Í matsáætlun kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði sett fram áætlun um vinnslu í námunni þar sem fjallað verði um afmörkun, áfangaskipta efnistöku, vinnslutilhögun, vinnsluaðferðir, aðstöðusköpun við efnistöku og frágang á efnistökusvæðinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem nánar verði unnin nokkuð djúpt ætti að huga strax að aðlögun námunnar að landi sem geti reynst örðugt ef nánar verði unnin djúpt alveg að jöðrum. Einnig ætti að kanna hvort betra sé að vinna námuna í átt að Hringveginum og reyna að nýta ofanafýtingu og frákast til frágangs samhliða efnistökunni.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir ábendingar Umhverfisstofnunar og er í því sambandi ráðgert að útbúa stigskipta áætlun um aðlögun að landi eftir því sem efnistökunni vindur fram.

Skipulagsstofnun tekur einnig undir ábendingar Umhverfisstofnunar um vinnslutilhögun og leggur áherslu á umfjöllun um áfangaskiptingu og frágang í umhverfismatsskýrslu en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við ofangreinda þætti sem fjalla á um í skýrslunni.

Reykjavík, 12. júní 2023

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson